

Markmið námsgreina í 1. bekk

## Íslenska

Markmiðum í íslenskunámi er skipt í efnisflokkana: talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði.

### Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemendur:

- Séu hvattir til að tala skýrt og áheyrilega.
- Fái tækifæri til að tjá sig munnlega fyrir framan bekkinn.
- Geti átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.
- Geti hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, myndbönd, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni, t.d. í myndum.

### Lestur og bókmenntir

Að nemendur:

- Þekki alla stafina og hljóð þeirra.
- Geti lesið a.m.k. 50 atkvæði á mínútu að vori.
- Geti valið sér lesefni eftir áhuga, þörf og getu.
- Læri nokkrar einfaldar vísur og ljóð til söngs.
- Kynnist völdum barnabókmenntum
- Þekki rím og hrynjandi.

### Ritun

Að nemendur:

- Haldi rétt á skriffærum, þekki skriftaráttina og þjálfist í að draga til stafs.
- Fái tækifæri til að semja sögur og ljóð og skrifi sjálfir eða með aðstoð.

### Málfræði

Að nemendur:

- Þekki hugtökin bókstafi, atkvæði, orð og setningar.
- Vinni verkefni sem stuðla að auknum orðaforða og málskilningi
- Geti leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.

## Dans

Að nemendur:

- Geti hreyft sig frjálst í takt við tónlist.
- Geti dansað einföld hreyfimyndir og notað þau í paradönsum, barnadönsum og einföldum þjóddönsum.
- Kunni skil á hægri, vinstri, fram, aftur, hæl og tá.
- Geti tekið þátt í hreyfileikjum, gengið í röð og hringi, læri hoppspor.
- Geti dansað einföld spor í samkvæmisdans.

- Geti hlustað á tónlist með mismunandi tónfalli, hröð/hæg spor.
- Geti tekið upp hald í dansi.

## Heimilisfræði

Markmið í heimilisfræði eru flokkuð í fjóra flokkar, þeir eru: matur og lífshættir, matur og vinnubrögð, matur og umhverfi og matur og menning.

### **Matur og lífshættir**

Að nemendur:

- Kynnist gildum hollrar næringar og heilbrigðra lífshátta.

### **Matur og vinnubrögð**

Að nemendur:

- Kynnist helstu áhöldum í eldhúsi og æfi sig í að vinna með þau.

### **Matur og umhverfi**

Að nemendur:

- Tileinki sér jákvæða hegðun í sambandi við umhverfið.

### **Matur og menning**

Að nemendur:

- Tileinki sér jákvæð samskipti við borðhald

## Skólaíþróttir

### **Líkamsvitund, leikni og afkastageta:**

Að nemandi:

- Geti gert æfingar sem reyna á þol í gegnum leiki.
- Geti gert hreyfingar sem reyna á stöðu- og hreyfijafnvægi.
- Geti tekið þátt í boltaleikjum sér til ánægju og yndisauka og eflt boltafærni.
- Geti sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.
- Taki stöðluð próf (MOT 4-6, fjölþreppróf).
- Geti kafað, synt skrið- og bringusund.
- Geti tekið þátt í leikjum í vatni.

### **Félagslegir þættir:**

Að nemandi:

- Læri að vinna með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.
- Geti skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum.
- Geti gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans.

### **Heilsa og efling þekkingar:**

Að nemandi:

- Geti skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.
- Geti útskýrt líkamlegan mun á kynjum
- Geti notað einföld hugtök sem tengjast sundiðkun, íþróttum og líkamlegri áreynslu.
- Þekki helstu líkamsheiti, magn-, afstöðuhugtaka og hreyfinga.

- Geti sett sér einföld þjálfunarmarkmið í íþróttum og heilsurækt og unnið eftir þeim.
- Geti sótt og unnið úr einföldum upplýsingum varðandi íþróttir.
- Geti gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum.
- Geti tekið þátt í útivist og búið sig til útiveru með tilliti til veðráttu.
- Geti tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum.

### **Öryggis- og skipulagsreglur:**

Að nemandi:

- Geti farið eftir öryggis-, skipulag- og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.
- Kynnist og tileinki sér helstu samskiptareglur.

## Samfélagsgreinar

Markmiðum í samfélagsgreinum er skipt í efnisflokkana reynsluheimur, hugarheimur og félagsheimur.

### **Reynsluheimur**

Að nemandi:

- Læri að varast hættur í umhverfi og á heimili sínu.
- Geti borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sýnt umhyggju og sáttfýsi.
- Geti áttað sig á því að hann er hluti af stærra samfélagi.

### **Hugarheimur**

Að nemandi:

- Geti sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
- Geti áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.
- Geti gert sér grein fyrir þörf sinni á að nærast vel.

### **Félagsheimur**

Að nemandi:

- Geti sýnt tillitsemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Geti áttað sig á að athafnir þeirra hafi afleiðingar bæði góðar og slæmar.

## Stærðfræði

Markmiðum í stærðfræði er skipt í efnisflokkana: að geta spurt og svarað með stærðfræði, að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar, tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar og tölfræði og líkindi.

### **Að geta spurt og svarað með stærðfræði**

Að nemandi:

- Geti tekið þátt í umræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.
- Geti leyst stærðfræðiprautir þar sem þeir nota ápreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.

### **Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar**

Að nemandi:

- Geti tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.

- Geti túlkað og notað einföld stærðfræðitákn og tengt þau við daglegt mál.
- Geti notað hentug verkfæri til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.

### **Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar**

Að nemandi:

- Geti kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með ápreifanlegum gögnum.
- Geti lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
- Geti unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna.
- Byrji að gera sér grein fyrir verðgildi peninga.

### **Tölur og reikningur**

Að nemandi:

- Kunni að lesa og skrifa tölurnar 1-100.
- Kunni að leggja saman og draga frá.
- Geti leyst einföld dæmi byggð á margföldun og deilingu.
- Kunni einingar og tugi.
- Geti nýtt teikningar til að sýna útreikninga.

### **Algebra**

Að nemandi:

- Geti safnað gögnum og skráð þau niður.
- Geti flokkað og fundið reglur út frá einföldum talnarunum og mynstrum.

### **Rúmfræði og mælingar**

Að nemandi:

- Þekki tvívíð grunnform.
- Geri sér grein fyrir hvað felst í hugtakinu að mæla.
- Geti mælt með óformlegum mælieiningum.

### **Tölfræði og líkindi**

Að nemandi:

- Geti safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið.
- Geti talið, flokkað og skráð einföld gagnasöfn.
- Geti lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp einföld myndrit.
- Geti tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit.

## **Upplýsinga- og tæknimennt**

Markmið í upplýsinga- og tæknimennt eru flokkuð í fimm flokka. Þeir eru: vinnulag og vinnubrögð, upplýsingaöflun og úrvinnsla, tækni og búnaður, sköpun og miðlun, siðferði og öryggismál.

### **Vinnulag og vinnubrögð**

Að nemendur:

- Geti nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.